



3. fundur stjórnar LH 2022-2024
14. janúar 2023 kl. 15:00
Hótel Hamri í Borgarnesi

Mætt: Guðni Halldórsson, Hákon Hákonarson, Ólafur Gunnarsson, Edda Rún Ragnarsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Sóley Margeirsdóttir og Þórhildur Katrín Stefánsdóttir úr aðalstjórn.

Gróa Baldvinsdóttir, Randi Holker, Birna Tryggvadóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson og Valdimar Magnús Ólafsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar

2. Ómannaðar neyðarvaktir dýralækna, dýravelferð og starfsumhverfi dýralækna – erindi frá Dýralæknafélagi Íslands

Dýralæknafélag Íslands (DÍ) lýsir yfir miklum áhyggjum af þeirri stöðu sem komin er upp varðandi dýralæknaþjónustu og mönnun bakvaktaþjónustu dýralækna. Almenn óánægja ríkir meðal dýralækna með vaktafyrirkomulag og bakvaktaálag dýralækna víða á landinu. Á höfuðborgasvæðinu hefur ekki tekist að manna stórdýravakt og í dreifðari byggðum eru einstaka svæði þar sem einn dýralæknir er með vaktina allt árið um kring án afleysingar.

DÍ fer fram á að Matvælaráðuneytið og Matvælastofnun leiti allra leiða til að tryggja vaktþjónustu dýralækna og um leið dýravelferð um allt land.

Afgreiðsla: Samþykkt að senda ályktun til Mats og Matvælaráðuneytið, þar sem við tökum undir áhyggjur DÍ og skorum á mast að bregðast við, óviðunandi fyrir hestamenn að bakvaktir séu ekki mannaðar.

3. Bréf til forstjóra og stjórnarformanns Íslandsbanka vegna viðræðna um styrktarsamstarf

Landsliðsnefnd sendi til Íslandsbanka beiðni um styrktarsamstarf afreksmála LH og bankans. Svar starfsmanns bankans var á þá leið að þar sem þeim hugnaðist ekki sú vegferð sem afreksstarf Hæfileikamótunar og U21-landsliðsins væri á yrði beiðni LH ekki tekin frekar fyrir hjá Íslandsbanka. Sent var bréf til forstjóra og stjórnarformanns Íslandsbanka þar sem lýst var yfir undrun á að bankinn skuli með þessum hætti reyna að hafa áhrif á innra starf íþróttasambands og spurt hvort svar starfsmannsins endurspegli stefnu bankans.

Afgreiðsla: Til bókunar. Formaður og framkvæmdstjóri fara á fund markaðs- og samskiptastjóra Íslandsbanka þann 24. janúar.

4. FEIF þing 3. – 4. febrúar 2023

Fulltrúar LH á FEIF þingi verða:
Formaður, Guðni Halldórsson
Framkvæmdastjóri, Berglind Karlsdóttir
Afreks- og mótastjóri, Hinrik Þór Sigurðsson



Formaður keppnisnefndar, Einar Gíslason
Stjórnarmaður LH, Sóley Margeirsdóttir,
Frambjóðandi til stjórnar FEIF, Atli Már Ingólfsson

Afgreiðsla: Samþykkt

5. Norrænn starfshópur um fyrirkomulag Gæðingakeppni á Norðurlandamóti

Lagt er til að Valdimar Ólafsson verði fulltrúi LH í starfshópi um gæðingakeppni á Norðurlandamóti. Einnig er lagt til að hann verði formaður starfshópsins.

Afgreiðsla: Samþykkt

6. Tilnefning í starfshóp mennta- og barnamálaráðherra um bætt aðgengi barna að hestaíþróttum

LH tilnefndir Eddu Rún Ragnarsdóttur og Hákon Hákonarson í starfshóp ráðherra um aðgengi barna að hestaíþróttum. Guðni Halldórsson er formaður hópsins, skipaður af ráðherra.

Afgreiðsla: Samþykkt.

7. Starfsreglur stjórnar og siðareglur LH samþykktar.

Uppfærðar starfsreglur stjórnar og siðareglur LH lagðar fyrir fundinn.

Afgreiðsla: Samþykkt.

8. Fundaferð stjórnar um landið

Farið var í fundarferð um landið veturinn 2022. Lagt er til að stjórn endurtaki leikinn veturinn 2023.

Afgreiðsla: Samþykkt. Skrifstofu falið að skipuleggja fundadagskrá.

9. Þolreið LH – Survive Iceland

Markmiðið með Þolreið LH var að koma á legg nýrri tegund af keppni þar sem sýnt er fram á styrk og þol hestsins. Vonir voru bundnar við að í framhaldi myndu aðrir grípa boltann og halda áfram með verkefnið mögulega í samstarfi við LH en það hefur ekki gengið eftir og erfiðlega hefur gengið að fá styrktaraðila að verkefninu. Finna þarf verkefninu annan farveg til framtíðar.

Afgreiðsla: Samþykkt að halda ekki Þolreið árið 2023 en skoða aðrar útfærslur á þolreiðinni fyrir árið 2024. Afla þarf styrktaraðila til að koma að slíkri keppni. Skrifstofu falið að útbúa fræðslufni fyrir hinn almenna hestamann um hvernig á að þjálfa þolreiðarhest.

10. Starf útbreiðslustjóra

Lagt er til að ráðið verði í starf útbreiðslu- og viðburðastjóra LH. Í starfinu felst meðal annars að halda utan um kynningarmál LH, vefsíðu og samfélagsmiðla og efla og tryggja gott samstarf við fjölmiðla landsins.

Afgreiðsla: Samþykkt. Starfshópi um útbreiðslu- og kynningarmál falið að greina hlutverk útbreiðslustjóra og hvaða eiginleika slíkur starfsmaður þarf að búa yfir.



11. Skipan í nefndir LH 2023-2024

Reiðvega- og samgöngunefnd

Stjórn LH skipar formann nefndarinnar, að öðru leiti er nefndin skipuð formönnum reiðveganefnda í hverjum landshluta.

Hákon Hákonarson, formaður
Vestursvæði
Norðvestursvæði Kristján Þorbjörnsson
Norðaustursvæði Örn Viðar Birgisson
Austursvæði Magnús Skúlason
Suðursvæði 2 Kristín Bjarnadóttir
Suðursvæði 1 Einar Á. E. Sæmundsen
Suðvestursvæði Sæmundur Eiríksson

Öryggisnefnd

Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Glampa (stjórnarmaður LH), *formaður*
Sveinn Heiðar Jóhannesson, Sörla (stjórnarmaður LH)
Sigrún Oddgeirsdóttir, Sörla
Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir, Geysi
Leifur Stefánsdóttir, Sleipni

Starfshópur um hestaíþróttir fatlaðra

Sóley Margeirsdóttir, Geysi (stjórnarmaður LH), *formaður*
Edda Rún Ragnarsdóttir, Fáki (stjórnarmaður LH)
Guðni Halldórsson, Herði (stjórnarmaður LH)
Hákon Hákonarson, Herði (stjórnarmaður LH)

Tölvunefnd

Ólafur Gunnarsson, Jökli (stjórnarmaður LH), *formaður*
Sóley Margeirsdóttir, Geysi (stjórnarmaður LH)
Þórður Ingólfsson, Glað
Valdimar Snorrason, Fáki
Björk Guðbjörnsdóttir, Sleipni
Jón Geir Sigurbjörnsson, Herði
Oddur Hafsteinsson, Sleipni

Menntanefnd

Mette Mannseth, Skagfirðingi, *formaður*
Randi Holaker, Borgfirðingi (stjórnarmaður LH)
Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Skagfirðingi (stjórnarmaður LH)
Magnús Lárusson, Geysi
Herdís Reynisdóttir, Írlandi
Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir, Fáki
Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir, Fáki



Keppnisnefnd

Tilnefndir af stjórn LH:

Einar Gíslason, Fáki, fulltrúi mótshaldara, *formaður*
Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Skagfirðingi, (stjórnarmaður í LH)
Randi Holaker, Borgfirðingi (stjórnarmaður í LH)
Hulda Gústafsdóttir, Fáki, nefndamaður í Sportnefnd FEIF
Sigurbjörn Bárðarson, Fáki, nefndamaður í Sportnefnd FEIF

Tilnefndur af GDLH:

Jón Þorberg Steinþórsson, Geysi

Tilnefndur af HÍDÍ:

Sigurður Ævarsson, Sörla

Tilnefnd af FT:

Sylvía Sigurbjörnsdóttir, Fáki

Starfshópur um útbreiðslu- og nýliðun

Sveinn Heiðar Jóhannesson, Sörla (stjórnarmaður LH) *formaður*
Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Glampa (stjórnarmaður LH)
Hákon Hákonarson, Herði (stjórnarmaður LH)
Birna Tryggvadóttir, Létti (stjórnarmaður LH)
Gréta V. Guðmundsdóttir, Spretti
Ragnhildur Gísladóttir, Ljúfi
Elísabet Sveinsdóttir, Sleipni
Áslaug Pálsdóttir, Fáki
Axel Örn Ásbergsson, Borgfirðingi

Æskulýðsnefnd

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, Sörla, *formaður*
Edda Rún Ragnarsdóttir, Fáki (stjórnarmaður LH)
Birna Tryggvadóttir, Létti (stjórnarmaður LH)
Guðrún Linda Björgvinsdóttir, Sleipni
Sjöfn Sæmundsdóttir, Glað
Helga B. Helgadóttir, Fáki
Stefán G. Ármannsson, Dreyra
Ellen Ýr Gunnlaugsdóttir, Hring

Dómaranefnd

Fulltrúi LH Guðni Halldórsson, formaður
Fulltrúi GDLH Jón Þorberg Steindórsson
Fulltrúi HÍDÍ Halldór Victorsson
Hvert félag tilnefni einn varamann.

Landsliðs- og afreksnefnd

Kristinn Skúlason, Fáki, *formaður*



Stefán Logi Haraldsson, Skagfirðingi
Gróa Baldvinsdóttir, Fáki (stjórnarmaður LH)
Helgi Harðarson, Sörla
Valdimar Grímsson, Spretti
Birgir Ragnarsson, Geysi
Sóley Margeirsdóttir, Geysi (stjórnarmaður LH)

Valnefnd

Tilnefndir af stjórn:

Sóley Margeirsdóttir
Unnur Rún Sigurpálsdóttir

Óskað er eftir tilnefningum frá:

HÍDÍ 1 fulltrúi
GDLH 1 fulltrúi
FT 1 fulltrúi
RML 1 fulltrúi
Fjölmiðlar 2 fulltrúar

Mannvirkjanefnd

Sveinn Heiðar Jóhannesson, Sörla (stjórnarmaður LH) *formaður*
Sigurður Tyrfingsson, Spretti
Stefán Ármannsson, Dreyra
Leifur Stefánsson, Sleipni
Valdimar Ólafsson, Dreyra (stjórnarmaður LH)

Starfshópur um gæðingafimi LH

Stjórn fer þess á leit við starfshóp um gæðingafimi, sem setti saman reglur um nýja keppnisgrein sem samþykkt var á Landsþingi 2022, að hann sitji áfram og standi vörð um þróun keppnisgreinarinnar. Stjórn skipar að auki Randi Holker í hópinn sem fulltrúa stjórnar LH.

Mótanefnd

Stjórn skipar eftirfarandi stjórnarmenn og starfsmann mótamála í nefndina. Nefndinni falið að kalla til fleiri aðila sem hún telur að geti haft framlag til einstakra verkefna.

Hinrik Sigurðsson, formaður
Guðni Halldórsson
Sveinn Heiðar Jóhannesson
Unnur Rún Sigurpálsdóttir

Úrskurðar- og aqanefnd – frestað

Laganefnd - frestað

Afgreiðsla: Samþykkt.



7. Samþykktir landsþings

Þingskjal 53

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Reykjavík 4. og 5. nóvember 2022 samþykkir og beinir því til stjórnar LH að gera gangskör í því að kynna Sambandi íslenskra sveitarfélaga og sveitarstjórnnum um land allt leiðbeiningarit LH og Vegagerðarinnar um reiðstíga „Reiðstígar gerð og uppbygging“.

Afgreiðsla: Formanni reiðveganefndar og framkvæmdastjóra falið að útfæra og kynna fyrir sveitarfélögum.

Þingskjal 54

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Reykjavík 4. og 5. nóvember 2022 hvetur stjórn LH að beita sér af mætti til að reiðvegafé af framlagi hins opinbera skerðist ekki frá því sem verið hefur árin 2021 og 2022 og verði heldur við það aukið frá því sem verið hefur sl. tvö ár.

Afgreiðsla: Starfhópur á vegum innviðaráðuneytis sem hefur það hlutverk að meta þörf fyrir aukningu reiðvegafjár er að störfum og mun skila lokaskýrslu í maí 2023.

Þingskjal 55

a. Ferða- og samgöngunefnd leggur til að veitt verði árlega verðlaun til þess sveitafélags sem skarað hefur fram úr varðandi viðhald- og uppbyggingu reiðstíga. Reiðveganefndir hestamannafélaga senda LH tillögu að tilnefningu ásamt rökfærslu sem styður valið. Hugmynd að verðlaunum; „Gyllta hóffjöðrin“.

Afgreiðsla: Samþykkt að óska eftir tillögum frá reiðveganefndum.

b. LH sæki um að halda erindi á haustþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga til að kynna áherslur hestamanna í reiðvegamállum og minna á að reiðleiðir séu hluti af áætlanagerð sveitafélaga.

Afgreiðsla: Formanni LH falið að sækjast eftir að halda erindi á þinginu.

c. Brýnt mál er verja þjóðleiðir/reiðleiðir um land allt, sem margar eru að tynast eða lokast af. Sem dæmi eru margar skógræktaráætlanir þar sem þessar leiðir liggja og þyrfti að gera ráð fyrir þeim í skipulagi. Við teljum að það þurfi að vekja athygli sveitarfélaga á að þarna eru menningaminjar sem eru að tynast og í þeim liggja líka mikil tækifæri fyrir ferðaþjónustu af ýmsum toga, ekki síst hestatengdrar. Sem dæmi má nefna er Skaftárhreppur að innleiða „horfnar“ þjóðleiðir inn í sitt Aðalskipulag, sem göngu-og reiðleiðir.

Afgreiðsla: Formanni falið að koma inn á þessi mál í erindi sínu á haustþinginu.

Þingskjal 37

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að fela LH að taka árlega saman tölulegar upplýsingar sem nýtist aðildarfélögnum og samtökunum sjálfum við greiningu á árlegri starfssemi hestamannafélaga.

Afgreiðsla: Vísað til tölvunefndar til umfjöllunar.



Þingskjal 38

Stjórn LH sendi formlegt bréf til ráðherra Íþróttamála eigi síðar en 30. nóvember 2022 og óski eftir aðild að starfshópi um nýliðunarmál barna, unglinga og ungmenna innan ráðuneytisins. Óskað er eftir að stjórn LH upplýsi formenn hestamannafélaganna og formenn æskulýðsnefnda hestamannafélaganna um framvindu efni bréfsins.

Afgreiðsla: Starfhópur ráðherra hefur verið skipuður. Formaður hópsins er Guðni Halldórsson, fulltrúar LH eru Edda Rún Ragnarsdóttir og Hákon Hákonarson.

Þingskjal 52

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að stjórn LH efni til opinnar samkeppni um nafn á nýja keppnisgrein í regluverki LH á þskj. 42.

Afgreiðsla: Nafnasamkeppni stendur yfir.

Þingskjali 24

um breytingar á reglum um dómara í gæðingakeppni var vísað til stjórnar.

Afgreiðsla: Vísað til keppnisnefndar til umfjöllunar.

Þingskjal 50

Reglugerð um Íslandsmót í gæðingakeppni var vísað til stjórnar.

Afgreiðsla: Vísað til keppnisnefndar til umfjöllunar.

Fundi slitið kl. 16:00